

Dómsorð:

Varnaraðili, Samvinnutryggingar g/t, skal vera sýkn af kröfum sóknaraðilja, Vélsmiðju Njarðvíkur h/f.

Málskostnaður milli varnaraðilja og sóknaraðilja fellur niður.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja til réttargæzlu, Tryggva Sigjónssyni h/f, kr. 2.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför.

Mánudaginn 24. marz 1969.

Nr. 45/1969. **Pórarinn Haraldsson**
 gegn
ASA Film Produktion A/S.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómi hrundið. Um kröfusamlag.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. febrúar 1969, sem barst dóminum 5. marz 1969. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Kröfur þær, sem sóknaraðili sækir í máli þessu, eiga rót sína að rekja til framlaga hans sjálfs, Ræktunarsambands Norður-Þingeyinga og Félagsheimilisins Skúlagarðs við gerð kvikmyndarinnar Rauðu skikkjunnar. Hafa Ræktunarsamband Norður-Þingeyinga og Félagsheimilið Skúlagarður framselt sóknaraðilja kröfur sínar, og sækir hann allar þrjár kröfurnar sem sínar kröfur. Eigi er ástæða til að ætla, að réttarfarsþyngsli hljótist af þessari meðferð. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til að taka frávísunarkröfu varnaraðilja til greina. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm

úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dóms.

Eftir þessum málalokum er rétt að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dóms-
álagningar.

Varnaraðili, ASA Film Produktion A/S, greiði sóknaraðilja, Þórarni Haraldssyni, kærumálskostnað kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. febrúar 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. janúar 1969, er höfðað með stefnu, birtri 4. september 1966. Stefnandi málsins er Þórarinn Haraldsson, Laufási, Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjar-sýslu. Stefndu eru Asa Film Produktion A/S, Lingby, Danmörku, og Just Betzer, sem einnig mun eiga heimili í Danmörku.

Stefna í máli þessu var birt Just Betzer, sem þá dvaldi að Hótel Holti, Bergstaðastræti 37, Reykjavík, með heimild í 21. gr. laga nr. 18/1949.

Dómkröfur stefnanda voru upphaflega þær, að stefndu yrðu in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 99.397.50 með 7% ársvöxtum frá 4. september 1966 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Enn fremur krafðist stefnandi þess, að staðfest yrði kyrrsetningargerð, sem fram hefði farið í eignum Asa Film Produktion A/S hér á landi 1. september s.l., og að veitt yrði heimild til aðfarar í þeim eignum.

Stefndi Asa Film Produktion A/S hefur gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður að svo stöddu af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Stefndi Just Betzer hefur gert þær dómkröfur, að hann verði

sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði til-dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Við munnlegan flutning málsins þann 27. janúar 1969 hefur stefnandi gert eftirtalдар breytingar á stefnukröfum sínum:

1. Stefnandi hefur lækkað stefnukröfuna úr kr. 99.397.50 í kr. 96.587.50. Vaxta er krafizt af þeirri upphæð frá 4. september 1966 til greiðsludags og málskostnaðar.

2. Stefnandi hefur fallið frá staðfestingarkröfu sinni, enda hefur kyrrsetningunni þegar verið aflétt.

3. Stefnandi hefur fallið frá öllum kröfum sínum á hendur stefnda Just Betzer í máli þessu. Við munnlegan flutning málsins hefur stefnandi Just Betzer haldið fast við kröfu sína um málskostnað.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en án árangurs.

I.

Um efnishlið málsins.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að skuldin sé eftirstöðvar samkvæmt framvísuðum reikningum, sem stefnandi eigi sjálfur eða hafi fengið framsal fyrir og vera fyrir ýtuvinnu, fyrir afnot húsnæðis í Skúlagarði og skemmdir á því, fyrir hey, hestabeit, laun o. fl. Stefndu hafi stofnað til skuldar þessarar í sambandi við upptöku á kvikmyndinni „Den røde kappe“ sumarið 1966. Reikningarnir séu allir samþykktir af stefnda Just Betzer og Benedikt Árnasyni, aðstoðarmanni hans. Af skjölum málsins verður ráðið, að stefndi Asa Film Produktion hafi ráðið til sín Benedikt Árnason leikstjóra. Samkvæmt ráðningarsamningi hans var honum heimilt að gera hvers konar fjárhagslegar ráðstafanir, sem þörf væri á, vegna töku kvikmyndarinnar hér á landi. Samt átti þegar að bera undir „instruktören“ Gabriel Axel eða þann, sem stjórn hins stefnda félags fengi til að vera í fyrirsvári fyrir framleiðanda myndarinnar, ef farið væri fram úr þeirri fjárhæð, sem ætluð væri til kostnaðar hérlandis og/eða fyrirframgerðri fjárhagsáætlun.

Af skjölum málsins verður einnig ráðið, að stefndi Just Betzer hafi starfað hjá Asa Film Produktion A/S sem framleiðslustjóri (produktionchef).

Hinir umstefndu reikningar eru þrír. Fyrsti þeirra, rskj. nr. 2, er svohljóðandi:

„Reikningur

til ASA Film og Edda Film

frá Ræktunarsambandi Norður-Þingeyinga

Laufási 5/8 '66.

An	Krónur
Júlí	
Ytavinna ID 9 unnið í Svínadalsvegi	
17 klst. 325/—	5525.00
Ágúst	
Ytavinna 20½ klst. 325/—	
(Unnið í Axarfirði)	6662.50
	12.187.50

Þórarinn Haraldsson

form. R. S. N. Þ.

Samþykkjum þennan reikning.

Ólæsileg undirskrift

Just Betzer

Ben Ár“.

Samkvæmt aðiljaskýrslu stefnanda er reikningur þessi þannig til kominn, að í rigningarkafli um sumarið 1966 hafi Svínadalsvegur teppzt. Hafi stefndi Asa Film beðið um ýtu til þess að gera ruðninga fram hjá ófærum vegarköflum. Kveðst stefnandi hafa strax fengið ýtu Ræktunarsambands Norður-Þingeyinga til að verða við þessari bön. Seinna hafi svo stefnandi verið beðinn um ýtuna til að gera við veg í Axarfirði til þess að auðvelda myndatöku, sem þar hafi farið fram á vegum Asa Film.

Svo sem að ofan er sýnt, er reikningur þessi samþykktur af þeim Benedikt Árnasyni og Just Betzer. Reikningur þessi sýnist vera óumþráttur, nema að því er varðar aðild stefnanda að honum. Verður nánar fjallað um það atriði í II og III hér á eftir.

Annar reikningur stefnanda er, sbr. rskj. nr. 3, svohljóðandi:

„Laufási 10-9 1966.

REIKNINGUR

til A.S.A. film og Edda film

frá Þórarni Haraldssyni, Laufási.

	Krónur
An Hey 40 vættir 125/—	5000.00
— Hestabeit og varzla	8000.00
— Lán á svefnbekkjum	1000.00
— Ferðalög og fyrirgreiðsla	7500.00
	Saml. 21.500.00

Þórarinn Haraldsson
Samþykkjum þennan reikning
Just Betzer
Ben Á.“

Reikningur þessi er ekki frekar reifaður í skjölum málsins. Við munnlegan flutning málsins hefur stefnandi tekið fram, að því er reikning þennan varðar, að hann sé nú að fullu greiddur með greiðslu að fjárhæð kr. 22.100.00. Kvaðst stefnandi mundu láta umframfjárhæðina ganga upp í aðra reikninga.

Þriðji reikningurinn, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, sbr. rskj. nr. 4, er svohljóðandi:

„Laufási 14. ág. 1966.

REIKNINGUR

til A.S.A. film og Edda film
frá Þórnari Haraldssyni

Krónur

An Húsaleiga fyrir félagsheimilið Skúlagarður, einnig	
leiga fyrir borð, stóla, borðbúnað og dýnur . . .	70000.00
— Greitt fyrir skemmdir á húsinu og ofangreindum	
munum	15000.00

Saml. 85000.00

Þórarinn Haraldsson
form. félsh. Skúlagarður
Samþykkjum þennan reikning i henhold til
aftale mellem Benedikt Árnason og ovennævnte
Just Betzer

Ben Á.“

Varðandi þennan reikning hefur stefnandi skýrt svo frá í aðiljaskýrslu sinni, að Félagsheimilið Skúlagarður sé talið eiga um 1.352 m² af byggingunni Skúlagarði í Kelduneshreppi, eða tæplega 50% af húsrýminu öllu, en barnaskólinn afganginn. Segir stefnandi, að stefndi Asa Film hafi haft húsið á leigu frá 10. júní 1966 til 25. ágúst s. á. Í aðiljaskýrslu stefnanda greinir nánar svo frá um leigu þessa, að þegar stefnandi hafi leigt Asa Film og Edda Film Félagsheimilið Skúlagarð, hafi það orðið að samkomulagi milli stefnanda og Benedikts Árnasonar leikara, en Benedikt hafði séð um útvegum húsnæðis fyrir félagið, að ákveða

ekki leiguna, fyrr en séð væri, hve mikið af húsinu félagið þyrfti að nota, og leigan ákveðin síðan með hliðsjón af því, hvað skólinn tæki fyrir sín húsakynni. Stefnandi kveðst hafa sett það að skilyrði, að klukkan 2000 á hverju laugardagskvöldi skyldi félagsheimilið vera laust til samkomuhalds, ef á þyrfti að halda, en stefnandi skilaði því hins vegar hreinu og til teknu, áður en störf hæfust hjá myndatökufélaginu á sunnudagsmorgnum. Að þessu hafi Benedikt gengið og boðizt til að greiða fyrir með húspláss, ef á lægi, þó á rúmhelgu kvöldi yrði. Þetta boð Benedikts hafi síðar verið þegið. Þegar til hafi komið, hafi Asa Film og Edda Film þurft á öllu félagsheimilinu að halda fyrir starfsemi sína. Stefnandi kveður, að með húsinu hafi verið leigð borð og stólar, einnig nýlegur borðbúnaður, sem nægt hafi fyrir 70 manns til matar- og kaffiveitinga. Þá hafi og mörg fleiri áhöld verið þarna, sem ávallt þurfi að vera til handbær í hverju félagsheimili.

Hér fyrir dómi þann 18. nóvember 1966 hefur Benedikt Árnason leikari skýrt svo frá, að hann hafi að fyrra bragði spurt Þórarin, hvað hann gæti hugsað sér, að leigan fyrir félagsheimilið yrði, og hafi þá Þórarinn svarað því til, að hún mundi verða sanngjörn og ekki yfir 20—30 þús. kr. fyrir allt tímabilið, þ. e. tímabilið frá 10. júní 1966 til 25. ágúst s. á. Hafi þeir Þórarinn orðið þannig sammála um 20—30 þús. króna leigu fyrir félagsheimilið, enda gætu þá forsvarsmenn félagsheimilisins haft þar dansleiki og aðra eðlilega sumarstarfsemi, svo sem venja hafði verið.

Um skemmdir á húsi og munum segir á þá leið í aðiljaskýrslu stefnanda, að stefnandi hafi gert lauslegt mat á skemmdum, bæði á húsi og munum, daginn sem flokkurinn hafi farið frá Skúlagarði, og hafi sér sýnt, að skaðabótakrafan mætti ekki vera lægri en kr. 15.000.00. Benedikt og Just Betzer hafi samþykkt þessa upphæð og einnig leiguna með undirskrift sinni. Í vörzlum stefndu hafi glatazt m. a. nýjar dýnur, glatað hafi verið úr borðbúnaði, stólar og borð hafi verið flutt í kvikmyndaverið í algeru heimildarleysi með þeim afleiðingum, að fjöldi stóla og borða hafi liðazt og brotnað.

Samkvæmt útreikningum stefnanda nemur heildarfjárhæðin samkvæmt ofangreindum þrem reikningum kr. 118.687.50. Stefnandi kveður, að greitt hafi verið inn á skuldina kr. 22.100.00 þann 31. ágúst 1966. Aðiljar eru sammála um, að fjárhæð þessi hafi gengið til greiðslu á reikningi, dags. 10. september 1966,

eins og áður er rakið. Stefnandi hefur reiknað sér innheimtulaun af þessari fjárhæð, þ. e. kr. 22.100.00, og bætir hann þeim við höfuðstólinn, þ. e. kr. 2.810.00. Kemur þá út upphaflega stefnufjárhæðin, kr. 99.397.50. Í hinum munnlega málflutningi hefur stefnandi enn dregið áðurnefndar kr. 2.810.00 frá upphaflegu stefnufjárhæðinni, þ. e. kr. 99.397.50, og kemur þá út endanlega stefnufjárhæðin, þ. e. kr. 96.587.50.

Málssóknin er einkum á því byggð, að stefndi Asa Film Produktion sé skuldbundinn til þess að greiða ofangreinda reikninga samkvæmt loforði sínu. Leggur stefnandi á það áherzlu, að reikningarnir séu allir samþykktir af umboðsmönnum Asa Film, þeim Benedikt Árnasyni og Just Betzer. Stefnandi hefur einnig bent á, að afnot stefnda Asa Film af félagsheimilinu hafi verið því sem næst alger og hafi leigutíminn verið alls 80 dagar. Til samانبurðar hefur stefnandi bent á, að eignarhluti barnaskólans í Skúlagarði, sem sé aðeins stærri en eignarhluti félagsheimilisins, hafi verið leigður á alls kr. 97.500.00 fyrir sama tímabil. Telur stefnandi því fráleitt, að kr. 70.000.00 í leigu fyrir félagsheimilið í umrætt tímabil sé ósanngjarnt endurgjald.

Stefndi Asa Film Produktion A/S hefur reist varnir sínar einkum á því, að reikningurinn að fjárhæð kr. 85.000.00 fyrir húsaleigu og skemmdir á húsnæði sé bersýnilega rangur og ósanngjarn. Kr. 70.000.00 í húsaleigu fyrir um það bil tveggja mánaða afnot af húsinu sé bersýnilega andstætt öllum lögum og sanngirni. Stefndu hafi aðeins haft afnot hússins rúmhelga daga, og þó ekki alltaf. Stefndi heldur því fram, að fyrirvari þeirra Justs Betzers og Benedikts Árnasonar á reikningi þeim fyrir afnot félagsheimilisins, sem að ofan var rakinn, þýði einmitt það, að samið hafi verið milli aðilja um allt annað endurgjald en stefnandi vilji vera láta. Þannig heldur stefndi því fram, að samið hafi verið um endurgjald kr. 20—30 þús. fyrir allt tímabilið. Þá er því haldið fram af stefnda Asa Film, að ósannað sé, hvort húsnæðið og aðrir munir hafi verið skemmt eða hverju þær skemmdir hafi numið eða hvort stefndu beri ábyrgð á þeim skemmdum.

Málkostnaðarkrafa stefnda Justs Betzers er á því byggð, að hann hafi starfað hjá Asa Film Produktion A/S sem framleiðslustjóri, enda hafi stefnandi máls þessa skipt við hann í trausti þess og stílað reikninga sína á Asa Film, en ekki á stefnda Just Betzer. Það hafi því ætíð legið ljóst fyrir, hver staða Justs Betzers

hafi verið hjá Asa Film Produktion og því málssókn á hendur honum verið ástæðulaus.

II.

Um formhlið málsins.

Mál þetta var þingfest 15. september 1966. Vitna- og aðiljayfirheyrslur fóru aðallega fram í nóvember 1966, en þann 16. febrúar 1967 lýstu lögmenn yfir því, að gagnasöfnun væri lokið.

Á bæjarþingi þann 11. október 1968 var mál þetta endurupptekið og lögmönnum gefinn kostur á að afla gagna um nokkur nánar tilgreind atriði og auk þess annarra atriða, sem aðiljar kynnu að vilja koma að í málinu.

Fengu aðiljar frest til 15. nóvember 1968 í þessu skyni. Í næsta réttarhaldi í málinu þann 4. desember 1968 lagði stefnandi fram endurrit úr aukaðingbók Þingeyjarsýslu og Húsavíkur, en samkvæmt því gagni hefur skýrsla verið tekin af stefnanda um nokkur atriði. Þann 13. desember s.l. átti að fara fram munnlegur málflutningur í máli þessu, enda var þá gagnasöfnun lokið. Í því þinghaldi krafðist lögmaður stefndu hins vegar þess, að málið yrði endurupptekið og frestað til að afla gagna, sem nánar voru tilgreind. Lögmaður stefnanda mótmælti kröfu þessari, og var hún því þegar flutt og að því loknu tekin til úrskurðar.

Með úrskurði, uppkveðnum 10. janúar 1969, var framangreindri frestbeiðni stefndu synjað.

Málið var síðan munnlega flutt þann 27. janúar 1969, svo sem áður er rakið.

Í greinargerð stefnda Asa Film Produktion A/S, sem lögð var fram 29. september 1966, er að því vikið, að reikningur frá Ræktunarsambandi Norður-Þingeyinga fyrir ýtuvinnu hljóti að sæta frávísun í málinu.

Í hinum munnlega málflutningi gerði lögmaður stefnda Asa Film Produktion A/S hins vegar fyrst beina kröfu um það, að máli þessu yrði vísað frá dómi. Var því mál þetta bæði flutt að formi til og efni þann 27. janúar s.l. Stefndi Asa Film Produktion A/S byggði frávísunarkröfu sína á því, að sóknaraðiljar væru í raun og veru þrír. Stefnandi hafi stefnt út af eigin kröfum, en auk þess fengið innheimtuframsöl frá Ræktunarsambandi Norður-Þingeyinga og Félagsheimilinu Skúlagarði. Þar sem kröfur þessar væru eigi af sömu rót runnar, væri um ólöglegt aðiljasamlag að ræða. Kvaðst stefndi eigi hafa gert frávísunarkröfu þessa fyrr

í málinu, þar eð hann hafi talið, að þetta atriði ætti að sæta frávísun ex officio. Í öðru lagi benti stefndi Asa Film Produktion A/S á, að aðalkrafan í máli þessu, þ. e. samkvæmt reikningnum að fjárhæð kr. 85.000.00, væri svo illa rökstudd, að hún væri ódómhæf.

Af hálfu stefnanda var því hins vegar haldið fram, að ákvæði réttarfar斯拉ga væru því ekki til fyrirstöðu, að mál þetta væri höfðað, svo sem stefnandi hefði gert. Auk þess var bent á það af hálfu stefnanda, að það hefði legið ljóst fyrir í upphafi, hvernig aðild málsins var háttað, og því hefðu mótmæli gegn sóknaraðild átt að koma fram strax í greinargerð stefnda. Frávísunarkrafa nú við munnlegan flutning málsins væri því of seint fram komin.

III.

Niðurstaða.

Stefnandi málsins, Þórarinn Haraldsson, hefur höfðað mál þetta í eigin nafni. Segir í stefnunni, að hann ýmist eigi stefnukröfurnar sjálfur eða hafi fengið framsal fyrir þeim. Af málflutningi aðilja verður það ráðið, að stefnandi eigi sjálfur persónulega kröfu fyrir hestabeit og vörzlu o. fl. að fjárhæð kr. 21.500.00. Er sú krafa rakin hér að framan, sbr. réttarskjal nr. 3. Á rskj. nr. 2 er reikningur frá Ræktunarsambandi Norður-Þingeyinga fyrir ýtuvinnu að fjárhæð kr. 12.187.50. Um framsal þeirrar kröfu hefur verið lagt fram svohljóðandi skjal:

„Undirrituð stjórn Ræktunarsambands Norður-Þingeyinga staðfestir hér með samkvæmt beiðni Harðar Ólafssonar, hæstaréttarlögmanns, að hún hefur framselt formanni sínum, Þórarni Haraldssyni, Laufási, reikning sinn á hendur Asa Film Produktion a.s. fyrir ýtuvinnu í júlí og ágúst 1966 samtals að fjárhæð kr. 12.187.50.

Norður-Þingeyjarsýslu, í október 1966.

Þórarinn Haraldsson
formaður

Ingim. Jónsson
(meðstjórnandi)

Hólmsteinn Helgason
(meðstjórnandi)“.

Þessu skjali var mótmælt þegar af hálfu stefndu sem óstaðfestu. Skjal þetta hefur ekki verið staðfest hér fyrir dómi. Í aðiljaskýrslu hefur stefnandi skýrt svo frá, að því er kröfu þessa varðar: „Ég lít svo á, að reikningur þessi sé krafa Ræktunarsambandsins, sem ég tek að mér að innheimta, sem formaður

sambandsins, og sé ekki með því að sameina það persónulegum kröfum mínum“. Ekki hefur komið fram í málinu, hvers konar félag Ræktunarsamband Norður-Þingeyinga er, en svo er að sjá, að stefnandi sé stjórnarformaður í því félagi.

Að því er snertir húsaleigu Félagsheimilisins Skúlagarðs, sbr. rskj. nr. 4, að fjárhæð kr. 85.000.00, þá hefur stefnandi á aukadómþingi Þingeyjarsýslu í nóvember 1968 skýrt svo frá: „Mættur er nú spurður um aðild sína að því, er varðar kröfu félagsheimilisins um hásaleigu. Hann svarar því til, að hann sé formaður stjórnar félagsheimilisins og á þeim grundvelli hafi hann fengið frá eigendum félagsheimilisins framsal kröfunnar vegna nauðsynlegrar málssóknar“.

Á framangreindu aukadómþingi lagði stefnandi fram staðfestingarskjal á framsalinu. Er það svohljóðandi: „Við undirritaðir, stjórn félagsheimilisins Skúlagarðs, staðfestum hér með framsal okkar til Þórarins Haraldssonar á kröfu félagsheimilisins á hendur ASA film produktion A/S vegna skuldar ASA film á húsaleigu og vegna skemmda, sbr. mál það, sem Þórarinn hefur höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur ASA Film, Kelduhverfi, í október 1968“. Undir framsal þetta hafa fyrirvarsmenn eigenda félagsheimilisins ritað.

Af framanrituðu er ljóst, að stefnandi máls þessa hefur fengið heimild frá Ræktunarsambandi Norður-Þingeyinga og Félagsheimilinu Skúlagarði til að höfða mál um kröfur þeirra í eigin nafni. Hefur og flutningur málsins hér fyrir dómi verið á því reistur. Þar sem málum er svo háttað sem að framan er lýst, er ljóst, að sóknaraðiljar máls þessa eru að réttarfarslögum þrír, þ. e. Þórarinn Haraldsson, Ræktunarsamband Norður-Þingeyinga og Félagsheimilið Skúlagarður, en hins vegar hefur stefnandi fengið „mandatar“-umboð frá hinum síðarnefndu til að höfða mál þetta.

Eigi hefur stefnandi sýnt fram á, að brýnir hagsmunir réttlæti það form sóknaraðildar, sem að framan er lýst, og eigi styðst heimild hans til þessa við beina lagaheimild. Það ræður þó eigi úrslitum, eins og mál þetta liggur fyrir, þar sem dómkröfur hinna þriggja sóknaraðilja eru ósamrættar. Augljóst er, að „mandatar“-umboð verður ekki notað til þess að fara í kringum brýn og ófrávikjanleg ákvæði réttarfarslaga. Af þeim sökum ber því þegar ex officio að vísa máli þessu frá dómi að hluta með skírskotun í 47. gr. laga nr. 85/1936, að því er varðar kröfur Ræktunarsambands Norður-Þingeyinga að fjárhæð kr. 12.187.50

og kröfur Félagsheimilisins Skúlagarðs að fjárhæð kr. 85.000.00.

Tekin verður afstaða til kröfu Þórarins Haraldssonar sjálfs svo og málskostnaðarkrafna í því sambandi við endanlegan dóm í málinu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi, Þórarinn Haraldsson, greiði stefnda Asa Film Produktion A/S kr. 2.000.00 í málskostnað í þessum þætti málsins. Hins vegar verður stefnda Just Betzer eigi dæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kröfu Ræktunarsambands Norður-Þingeyinga að fjárhæð kr. 12.187.50 og kröfu Félagsheimilisins Skúlagarðs að fjárhæð kr. 85.000.00 er vísað frá dómi.

Málskostnaður til handa stefnda Just Betzer er eigi til-dæmdur.

Stefnandi, Þórarinn Haraldsson, greiði stefnda Asa Film Produktion A/S kr. 2.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 25. marz 1969.

Nr. 44/1968. **Ingimundur Jónsson**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Kolbeini Guðmundssyni og

Engilbert Kolbeinssyni

(Árni Gunnlaugsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 4. marz 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. febrúar sama ár. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt